Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Tjörn

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 5
2.1 Innra mat 5
2.2 Ytra mat 5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 7
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 7
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 7
7. Foreldrasamstarf 8
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 8
9. Innra mat deilda 9
9.1 Innra mat - Miðhús 2025-2026 9
9.2 Umbótaáætlun Miðhúss 2026-2027 10
9.3 Innra mat - Melhús 2025-2026 11
9.4 Umbótaáætlun Melhúss 2026-2027 12
9.5 Innra mat - Tjörn 2025-2026 14
9.6 Umbótaáætlun Tjarnar 2026-2027 15
9.7 Innra mat Lækur 2025-2026 16
9.8 Umbótaáætlun Læks 2026-2027 17
10. Umsögn foreldraráðs 19

1. Greinargerð leikskólastjóra

Uppeldissýn leikskólans er að leitast við að rækta með hverjum og einum þá hæfileika sem munu nýtast viðkomandi best í nútímasamfélagi. Því teljum við að nauðsynlegt sé að styrkja jákvæða sjálfsmynd barnanna, félagslega hæfni og trú á þeirra eigin getu.

Starfið hefur gengið vel í vetur með samheldnum starfsmannahópi í Tjörn. Við settum okkur markmið þess eðlis að vinna meira saman með elstu börnin úr báðum húsum, undir berum himni í t.d. vettvangsferðum og heimsækja hinar ýmsu stofnanir í okkar nánasta umhverfi og nýta okkur fallegt og gefandi umhverfi þar sem við sitjum í vöggu sögu, menningar og lista. Elstu börnin tóku þátt í skemmtilegu tónlistarverkefni á vegum Barnamenningar sem endaði með stórtónleikum í Hörpu. Við viljum gera enn betur næsta vetur og bæta við samvinnuverkefni á milli húsa með yngri barnahópinn. Það hefur verið einstaklega gefandi að fylgjast með börnunum vaxa og dafna í skapandi leik. Við höfum verið að vinna meira og meira með flæði í leik barna og það hefur skilað sér í fallegum og þróuðum leik allra barna í Tjörn. Börnin eru hvött til þess að hugsa og tjá sig á þann hátt sem þeim er eðlilegastur, þ.e. í myndlist, tónlist, ljóðagerð eða með líkama sínum. Því verða hinir fullorðnu að gefa barninu kost á umhverfi sem kallar á forvitni þess og löngun til þess að skoða og rannsaka hlutina frá mörgum sjónarhornum. Efniviðurinn og kveikjur eiga að vera aðgengileg svo umhverfið virki sem þriðji kennarinn. Við viljum rýna í kveikjur og almennt stefnuna okkar næsta vetur með settum verkefnastjórum í fararbroddi.

Skólinn fékk hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Látum draumana rætast* sem gengur út á sjálfbærni í ræktun. Gróðurhúsið er viðbótar starfstöð frá lok mars fram í október, þar ræktum við gróður, með alúð, þolinmæði, eins ræktum við málið okkar þar sem ígrundum fer ávallt fram á meðan við leikum með grænar fingur.

> „Verkefnið er lýsandi dæmi um hvernig samtakamáttur barna, foreldra og starfsfólks getur leitt til árangurs á svo marga vegu. Í Menntastefnu Reykjavíkur kemur fram að í kraftmiklu skólastarfi öðlast börn menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Þetta verkefni er einmitt í anda þess, grundvallarþekking barnanna á samfélaginu, náttúrunni og sjálfbærni hefur aukist til muna“. (frá dómnefnd).

Foreldrakönnun frá síðastliðnu hausti kom vel út eins og endranær, foreldrar treysta kennurum vel og eru stoltir af skólanum, upplifa sig 100% örugga með börnin og almenn ánægja með skólann. Það sem betur má fara er að stjórnendur mega vera sýnilegri, sú tala fór aðeins niður á við ef miðað er við síðustu könnun frá 2023 og hefur það kannski sínar skýringar í ljósi þess að skólastjóri var í leyfi. Við viljum kynna enn betur okkar uppeldisstefnu út frá þessari könnun og höfum við sett það sem markmið fyrir komandi vetur. Stofnun ársins er starfsmannakönnun sem Skóla- og frístundasviði nýtir. Starfsmenn í Tjörn eru stoltir og ánægðir með skólann sinn. Við skorum hátt í stjórnun og starfsánægju en launakjör og sveigjanleiki mættu koma betur út. Það er erfitt að vinna með ytri þáttinn, þ.e. launakjör, en hvað varðar sveigjanleika gæti svokölluð Reykjavíkurleið komið sterk inn.

Í ár settum við okkur það sem markmið að fleiri myndu taka þátt í könnuninni og helmingi fleiri tóku þátt í ár en betur má ef duga skal; markmiðið er að allir taki þátt að ári. Eins ætlum við að leggja sérstaka áherslu á læsi ekki síst vegna nýrrar íslenskrar rannsóknar sem leiddi í ljós slakan árangur íslenskra barna í lestri.

Við hlökkum til þess að gera betur í dag en í gær.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Samvinna á milli húsa
Hvernig fór matið fram?	Á reglulegum fagfundum og deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Kennarar, starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Styrkleikar – Börnin hittust meira á milli húsa og haldnir voru sameiginlegir kennarafundir á reglulegum starfsmannafundum. Það eru tækifæri til þess að halda fleiri fagfundi á vinnutíma með því að nýta undirbúning kennara að hluta til fyrir fundina. Fjölga enn frekar barnafundum á milli húsa, vel hægt með góðu skipulagi. Setja upp gróðurhús við Öldukotið.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Líðan starfsmann og foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Með könnunum á vegum Skóla og frístundar
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Starfsmenn og foreldrar
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Mikil ánægja foreldra með skólann – Foreldrar upplifa sig örugga og mikið traust ríkir – Tækifæri; kynna betur uppeldisstefnuna okkar og stjórnendur að vera sýnilegri. Starfsmenn eru stoltir og upplifa mikla ánægju í starfi – Tækifæri; Reykjavíkurleiðin til að auka sveigjanleika.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna. Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	**Uppeldisstefnan Reggio og Læsi – Stjórnendur sýnilegri**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnendur; að vera sýnilegri Við viljum hafa efniviðinn við hendi sem þriðji kennarinn á öllum deildum og fjölga svokölluðum kveikjum. Við ætlum að tilnefna **lesara** á hverri deild vikulega, viðkomandi hefur það hlutverk að lesa reglulega yfir daginn
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Allir foreldrar þekki stjórnendur skólans. Allar deildir séu með fjölbreyttan efnivið og " lesara".
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Breytt skipulag á stjórnenda teyminu ; Skólastjóri og tveir 50% aðstoðarskólastjórar sem starfa í sitthvoru húsinu
Ábyrgð	Skólastjóri –Aðstoðarleikskólastjóri - Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í sumar - Haust
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulega á deildarfundum sem eru á tveggja vikna fresti. Deildarstjórar og aðstoðarskólastjórar sitja í innra mats nefnd og funda reglulega og meta hvernig gengur að fylgja eftir þeim málefnum sem við setjum á oddinn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að kveikjur séu sýnilegar á öllum deildum allur efniviður sé þannig að börnin geti nálgast hann. Gróðurhús við Öldukot. Sýnilegir stjórnendur.

4. Starfsþróunarsamtöl

Fóru fram frá febrúar mánuði fram í júní – Skólastjóri ræddi við alla starfsmenn skólans.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027 byggt á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið (áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana, menntastefnunnar og áherslur úr starfþróunarsamtölum). Hvernig eru starfsdagar skipulagðir út frá þessum forsendum, námsferðir, ráðstefnur o.fl.
Starfsfólk hefur verið duglegt að efla sig með allskonar námskeiðum sem rýma vel við menntastefnuna. Allir kennara skólans fóru í námsferð til Holland síðastliðið haust.
Að hausti fara stjórnendur til Ítalíu til þess að fræðast enn frekar um Reggio Emilia uppeldisstefnuna.
Fyrirhugað að fá fræðslu um læsi á vegum Miðju máls og læsi inn á starfsdag. Stefnum á að fá dr. Sigríði Ólafsdóttur læsis sérfræðing inn á starfsdag með fyrirlestur. Námskeið í skyndihjálp verður í haust fyrir alla starfsmenn.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Við höfum verið í samstarfi við Vesturbæjarskóla, en flest börn sækja þann skóla eftir dvöl sína hér. Góð samvinna hefur skapast á milli grunn- og leikskólans. Leikskólabörnin hafa farið í reglulegar heimsóknir í Vesturbæjarskóla, tekið þátt í almennum kennslustundum, heimsótt bókasafnið, verið í útikennslu og tekið þátt í samsöng skólans. Komið hefur verið á markvissu samtarfi milli skólanna.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
23. september kl. 10.00 **13. nóvember kl. 13.00**	Fyrsta heimsókn í grunnskólann Heimsókn í bókasafnið Heimsókn í frístund	Vesturbæjarskóli	Deildarstjórar

12. febrúar kl. 10.00 **3. apríl kl. 10.30** **3. maí kl. 13.30**	Heimsókn í skólann Heimsókn í frístund Heimsókn í skólann – útikennsla.		

7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

Foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins er kosið árlega á haustfundi með foreldrum.

Samstarf foreldra hefur verið með eindæmum gott, margir viðburðir eins og skreytingarkvöld foreldra í desember, jólaball á vegum foreldra og loppumarkaður sem heppnaðist einsaklega vel í ár og sumarhátíð sem er skipulögð af stjórn foreldrafélagsins. Námskeið á vegum foreldra um máltöku barna var innihaldsríkt og gott, allt eru þetta viðburðir sem hafa fest sig í sessi og verða aftur að ári.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Hér eiga að koma upplýsingar um skipulagsdaga. Hægt er að setja þá beint inn í leikskóladagatal eða viðburðadagatal og láta það fylgja með og hafa í huga að það komi skýrt fram hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum.

Sameiginlegir starfsdagar með Vesturbæjarskóla; 30. september, 4. janúar, 5. febrúar, 27. apríl

Sjá fleiri daga í skóladagatali.

9. Innra mat deilda

9.1 Innra mat - Miðhús 2025-2026

Styrkleikar

Markmið til umbótaþátta 2025 -2026 var að fara í gönguferðir í nánasta umhverfi skólans þar sem elstu börn deildarinnar tæku myndir af því sem vakti áhuga þeirra. Með þessari vinnu var einnig markmið að auka skráningar í ferilmöppu barnanna. Það má segja að þessu markmiði var náð að mestu leyti þar sem börnin í hópnum voru áhugasöm og tilbúin í verkefnin.

- Jók á fjölbreytni og áhuga barnanna á umhverfi sínu
- Aukin myndskráning í ferilmöppur barnsins
- Börnin áhugasöm að skoða myndir úr ferðunum og rifja upp upplifun sína, sem smitaðist út í yngri barna hópinn þannig að þau börn fengu meiri áhuga á sínum ferilmöppum.
- Meiri umræður sköpuðust um hús og byggingar í nágrenninu sem þau þekktu orðið betur.

Tækifæri

Ferilmöppur: Þar sem börn fædd 2022 tóku eingöngu þátt í verkefninu sjáum við tækifæri á komandi hausti að samskonar vinna gæti hafist á elstu börnunum fæddum 2023 sem verða þá elsti árgangur í Miðhúsi. Einnig sjáum við tækifæri fyrir einhvers konar verkefni í yngri barna hópnum sem myndi auka skráningar í ferilmöppur þeirra.

Málrækt: Skrá niður þær bækur sem lesnar eru fyrir börnin í samveru eftir hádegi sem eykur á fjölbreytilega sögustundar.

Lubbi: Hljóðstafir eru lagðir fyrir háls mánaðarlega í myndrænu formi og á ýmsan annan hátt þar sem það er sýnilegt öllum. Við það skapast góð tækifæri fyrir bæði foreldra og börn til að taka þátt, þannig væntum við markvissari innlögn

9.2 Umbótaáætlun Miðhúss 2026-2027

Deild/aldur barna 2 til 3 ára	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Við viljum dýpka okkur meira og markvissara í þessum þáttum sem fyrir eru á deildinni. Tónlist, söngur og þulur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Efla málörvun, auka málskilning og hlustun í söng, ljóðum og þulum. Setja inn nýja texta og þulur með vissu millibili og upplýsa foreldra hvaða sönglög og þulur sé verið að vinna með til að virkja foreldra að syngja heima með börnum sínum til að auka málfærni barnanna. Notast er við myndræn söngspjöld.
Ábyrgð	Deildarstjóri ásamt starfsfólki sínu
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið að vori 2027 Skráð að hausti hvaða lög og þulur eigi að vinna markvisst með og að vori farið yfir skráningar hvernig til tókst. Könnun í foreldraviðtölum, umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur verður metin hversu mikill lærdómur hefur náðst í söngsstundum. Hlusta eftir hvaða lög vekja áhuga þeirra hverju sinni. Börnin munu svo syngja og fara með þulur fyrir foreldra á vorsýningu skólans.

9.3 Innra mat - Melhús 2025-2026

Styrkleikar

Áhersla á læsi: Það hefur gengið vel að efla áhuga barnanna á lestri, mörg börn hafa gert það að vana sínum að koma með bækur að heiman í leikskólann sem við lesum jafn óðum saman. Börnin hafa sýnt meiri áhuga á bókum, og nokkur af elstu börnunum eru farin að lesa út frá eigin áhuga.

Það hefur lengi verið bókahorn í Melhúsi þar sem börnin geta gripið í bækur og lesið. Það hefur verið vinsælt í vetur. Einnig er dagleg samverustund þar sem börn skiptast á að lita daginn á dagatali sem hangir uppi á vegg, þannig læra þau smám saman að þekkja dagatöl og hvernig mánuðir virka.

Umgengni : hefur gengið ágætlega, betur en í fyrra. Er oftar snyrtilegt.

Tækifæri

Áhersla á læsi: Það hefur gengið misvel að halda í við Lubba, það þurfa fleiri en einn að bera ábyrgð á því verkefni annars dettur þetta auðveldlega út. Komum aldrei skipulagi á bókaklúbb en mörg börn gripu þessa hugmynd og taka með sér bækur reglulega og eru þær oft lesnar, annaðhvort í sögustund eða þegar það er frjáls leikur. Við getum einnig stækkað umfang á umbótum á læsi og innleitt tilfinningalæsi (sem er mikilvægt til að styrkja börnin) og myndlæsi.

Skipuleggja reglulegar bókasafnsferðir.

Umgengni: Þó það hafa orðið framfarir vantar ennþá uppá að foreldrar halda áfram að fylgja eftir tiltekt, t.d. eru sumir hættir að ganga frá fyrir helgi eins og lagt var upp með. Kannski hægt að hafa sjónrænt skipulag inni í fataklefa.

Einnig viljum við að börnin verði virkari þátttakendur og halda áfram með nýleg verkefni eins og umsjónarmenn í útiveru (sem hvetja og sjá um að það sé gengið frá) og innleiða umsjónarmenn í fataklefa. Börnin eiga hlut í að sjá um umhverfið sitt.

9.4 Umbótaáætlun Melhúss 2026-2027

Melhús/4 -6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram og auka áhuga á læsi, ekki takmarkað við lestur bóka heldur einnig myndlæsi og tilfinningalæsi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda áfram að nýta Lubba og deila ábyrgð. Hafa lesara á deild (hver starfsmaður tekur 1-2 vikur í senn sem lesari og er þá að grípa í bók þegar það er áhugi fyrir því, m.a. að lesa bækurnar sem börnin koma með í leikskólann). Fara reglulega á bókasafnið. Nýta sögustund til að ræða um tilfinningar í sögum. Grípa tækifæri inná deild til að kenna tilfinningalæsi, taka markvisst fyrir tilfinningar r 1x í viku, í sameiginlegri sögustund á föstudögum
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026- Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta á starfsmannafundum með umræðu starfsmannahóps, og ræða um hvern þátt fyrir sig: hljóðvitund, áhuga á bókum og tilfinningar Nota sögur og fá börn til að setja orð á tilfinningar – heyra þá hvort það sé breyting á hvernig börn lýsa tilfinningum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Meta hvort það sé munur á hvernig börn hugsa um hljóðin (tengd Lubba) t.d. verða þau sterkari í að finna orð sem byrja á hljóði vikunnar, tilfinningalæsi er hægt að meta út frá tjáningu barnanna (eru þau dugleg að tjá sínar þarfir, lesa í tilfinningar aðra og svo framvegis), og hægt er að meta með minnisgeymd barnanna í sögustundum – geta þau tengt saman tengdar bækur eða rætt um hvað var lesið nýlega (dögum áður en vikunni áður) Hafa sýnilegt það sem við erum að vinna með – Lubbi finnur málbein, tilfinningaspjöld sem sýna mismunandi tilfinningar og hafa sýnilegt hvaða tilfinning við erum að leggja áherslu á.

Deild Melhús/4 – 6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Umgengni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Viljum styrkja umgengi, byggja á því sem var gert í fyrra (umgengni í fataklefa) og auka umfang þess.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda áfram að kynna fyrir foreldrum hvernig við viljum hafa umgengni í fataklefanum. Kynna fyrir börnunum hvernig við viljum hafa fataklefann, en einnig leggja áherslu á góða umgengni í útiveru, í fataklefa, og inni á deild. Við byrjuðum með umsjónarmenn í útiveru þar sem að börnin skiptust á að vera í vesti og hvetja aðra til að ganga frá og sjá til þess að það sé ekkert dót eftir úti þegar við förum inn úr útiveru. Einnig munu þau hjálpa að taka til í fataklefa (innan marka)
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsmenn, foreldrar og börnin
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026- maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta sjónrænt, umræða með börnunum mögulega vikulega eða mánaðarlega til að heyra hvað þeim finnst, og ræða um þetta reglulega á starfsmannafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allt snyrtilegra, allir taka sínu hlutverki alvarlega. Gott merki um árangur væri að það myndi vera minni þörf fyrir umsjónarmenn að ganga frá – þá væru allir farnir að taka umgengni alvarlega . Hafa sýnilegt hvernig við viljum hafa hlutina þar sem hægt er (í fataklefa), hafa myndir sem sýna hverjir eru umsjónar menn (niðri í fataklefa er hægt að hafa umsjónarmenn útiveru og umsjónarmenn fataklefa, uppi er væri þá kannski mynd af þeim sem eru umsjónarmenn matartíma)

9.5 Innra mat - Tjörn 2025-2026

Styrkleikar

Hlutverkaleikurinn er sterkur en við viljum standa vörð um hann. Við viljum passa að börnin fái tíma, rými og næði til þess að þróa hann áfram. Við viljum að hann haldi áfram að blómstra í takt við hæglætið sem einkennir skólastarfið á Tjörn – enda kemur hlutverkaleikurinn inn á alla þroskaþætti sem við erum að vinna með. Við viljum gefa börnum tækifæri á að fara niður í sal eða í hlutverkakrók áður en samvera hefst. Skipta hópnum á milli hæða svo börnin fái sem best notið sín.

Halda áfram að bjóða upp á valstundir á morgnana þrisvar í viku:

Við miðum við að hver hópur fari í göngutúr eða vettvangsferðir x1 sinni í viku en á meðan fara hinir hóparnir í myndlist og eftir það er frjáls leikur.

Daglegt starf hefur gengið vel. Deildir fylgja ákveðnu dagskipulagi sem felur í sér meira flæði og hefur það reynst vel í því formi sem það er í dag, því munum við halda óbreyttu. Börnin velja svæði eftir áhugasviði og því sem er í boði, auk þess sem þau fá meiri tíma og rými til að þróa leikinn áfram.

Einnig munum við halda áfram að skoða sérstaklega þá þætti sem tengjast læsishvetjandi vinnu. Halda áfram með Lubbaverkefnið og þróa leiðir til að útfæra það á fjölbreyttan hátt. Einnig er mikilvægt að skoða lestrarstundir, hvernig börn hlusta, tileinka sér sérstök orð og hvernig orðaforði eykst. Hafa ritmál sýnilegt og gott aðgengi að bókum.

Tækifæri

Við styðjum við hlutverkaleik með því að gefa börnum tækifæri til þess að þróa hann enn frekar með því að bjóða börnunum að skilja við leiksvæðið óhreyft þegar farið er í samverustund t.d. Þau biðja oft um að fá að halda áfram leiknum eftir samverustund sem er í góðu lagi. Þá fá þau forgang í val á því svæði. Þannig tryggjum við að leikurinn eigi sér framhaldslíf en að ekki þurfti að taka allt saman og byrja frá upp á nýtt þegar nú þegar hefur verið lagt mikið í leikinn. Finna fleiri krefjandi leiðir með Lubbaverkefnið (sem gengur út á að örva læsi).

9.6 Umbótaáætlun Tjarnar 2026-2027

Deild Tjörn/ 4 til 6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útfæra Lubbaverkefni fyrir skólahópinn. Finna leiðir til þess að vera með meira krefjandi verkefni svo að þeim leiðist ekki Lubbastundi Efla Læsi enn frekar í víðum skilningi. Sjálfsefling: Við viljum styrkja sjálfsmynd barnanna og leiðbeina þeim um hvernig best sé að eiga heilbrigð samskipti hvert við annað, setja mörk í samskiptum, vera sjálfum okkur samkvæm auk þess að iðka þakklæti, æfa okkur í háttvísi og kurteisi. Við erum að læra að bera ábyrgð á gjörðum okkar og koma vel fram við hvert annað.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn geti tjáð sig án þess að hika og þekki vel sínar tilfinningar og annarra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bjóða börnunum að hafa umsjón með Lubbamálhljóði vikunnar og koma með hlut til þess að segja frá – orð vikunnar og hlutur vikunnar. Í öllu daglegu starfi með börnunum – við matarborðið, í fataklefa, í röð á klósettið, í frjálsum leik o.s.frv. en einnig í skipulögðum sjálfseflingarstundum þar sem við notumst við bækur sem fjalla um félagsleg samskipti, tilfinningar o.s.frv.
Ábyrgð	Deildarstjóri - Kennarar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst og fram í maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með Hljóm – Samtölum við börnin – á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Lubbaverkefnið sé sýnilegt eins bókahornið – Öll börn séu hamingjusöm í Tjörn. Við notum HLJÓM-2 sem er aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna.

9.7 Innra mat Lækur 2025-2026

Styrkleikar

Hæglæti og afmörkuð leiksvæði: Vel tókst til með áherslu á hæglæti í dagskipulagi og betri afmörkun leiksvæða. Unnið var markvisst með rýmið með því að nýta tjöld til að skipta svæðum upp, sem skapaði meiri ró og studdi við dýpri leik. Börnin undu sér vel í leik á deildinni þegar starfsfólk skipti upp stofunni með tjöldum einingakubbum öðrum megin og hlutverkaleik hinum megin. Fjölbreyttur og aðgengilegur efniviður studdi jafnframt við sjálfstæði, frumkvæði og skapandi leik barna.

Flæði og sveigjanleiki í dagskipulagi: Mikilvægt skref í umbótastarfinu var að gefa flæði aukinn gaum og bregða út af dagskipulaginu þegar leikur og áhugi barnanna var sýnilegur. Sjálfsprottni leikurinn fékk því aukið svigrúm og börnin dvöldu lengur í viðfangsefnum sínum. Myndlistarkennarar á deildinni fundu myndlistinni góðan farveg í þessari nálgun og samþættu skapandi vinnu inn í daglegt flæði deildarinnar.

Jóga og núvitund: Okkur tókst að innleiða jóga og núvitund í starfið. Um haustið var unnið markvisst með jóga í hópatímum til að venja börnin við æfingarnar og skapa grunn fyrir áframhaldandi vinnu. Síðar um veturinn fléttuðust jóga- og núvitundarleikir inn í samverustundir og urðu hluti af starfi deildarinnar. Einnig voru keypt námsgögn sem studdu við og auðguðu jóga í leik og starfi með börnunum.

Umhverfismennt, ræktun og flokkun: Umhverfismennt var sýnileg og markviss í starfinu. Öll börn á Læk fengu að taka þátt í forræktun með verkefnisstjóra gróðurhúss og tóku ábyrgð á að vökva plönturnar. Börnin fylgdust með vexti plantnanna og sáu meðal annars hvernig tómatar mynduðust út frá blómknúppum. Þá gekk vel að innleiða flokkun matarleifa eftir morgunmat og nónhressingu og voru börnin meðvituð um muninn á lífrænu og ólífrænu rusli.

Tækifæri

Myndlist: Þar sem myndlistin fann sér góðan farveg í flæði og hæglæti er tækifæri til að þróa það enn frekar, til dæmis með því að hafa fjölbreyttari myndlistarefnivið aðgengilegri í daglegu starfi og gefa sköpun aukið vægi.

Jóga og núvitund: Þar sem jógað fléttaðist vel inn í samverustundir er tækifæri til að festa það betur í sessi sem hluta af daglegri menningu deildarinnar, ekki bara sem sérstaka hópatíma og að allt starfsfólk tileinki sér jóga og núvitund.

Umhverfismennt: Ræktun og flokkun gekk vel er og því er tækifæri til að dýpka verkefnið, til dæmis með meiri frekari skráningu, samtölum um hringrásina og tengingu við sjálfbærni. Fylgjast með fræi vaxa í glærum poka í glugga.

Hæglæti og flæði: Þar sem tjöld, afmörkuð svæði og sveigjanleiki í dagskipulagi virkuðu vel er tækifæri til að þróa þetta áfram og tryggja að hæglæti og flæði verði ekki háð tilteknum aðstæðum eða starfsfólki, heldur verði hluti af starfmenningu Lækjar. Það samrýmist einnig sýn Tjarnar að vinna í anda Reggio og umhverfið sé þriðji kennarinn.

9.8 Umbótaáætlun Læks 2026-2027

Lækur / 2 til 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi Námsgagnið Lubbi finnur málbein Bókalestur og samverustundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Við viljum gera Lubba málstundir að hærra undir höfði og hafa þær oftar auk þess að gera hann sýnilegri inni á Læk. Að lestur bóka sé ekki endilega bundinn við samverustundir heldur áhuga barnanna hverju sinni. Í hverri viku verður starfsmaður ábyrgur fyrir lestri á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með fleiri skipulögðum Lubbastundum, námsgögnum sem hægt er að leika sér með og skráningu í Lubbamöppunni. Hvert barn fær það hlutverk að vera Lubba-umsjónarmaður í hverri viku og halda skráningu utan um það. Lesari vikunnar grípur stundir til að lesa, börn og foreldrar verða hvött til að koma með bækur í leikskólann. Að minnsta kosti þrjár vettvangsferðir í bókasafnið í Grófinni yfir veturinn.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með samtali á deildarfundum og skráningum í Lubbamöppu. Lesari vikunnar skráir lesturinn yfir vikuna í möppu og farið verður yfir á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að námsgagnið sé sýnilegt öllum sem koma inn á deildina, bæði í borðstofu og sólstofu sem og fataklefa. Að þau sæki í Lubba leikefni eins og málhljóð (prentaðir stafir) og myndir og sýni því áhuga og séu að finna málhljóðin í gegnum leik og hafi lært og hafi gaman að því að syngja í Lubbastundum. Að börn hafi ánægju af upplestri, séu spennt fyrir að koma með bók sem er lesin og að farið sé í bókasafnið. Að bókahorn sé huggulegt með aðgengi að fjölbreyttum bókum.

Lækur /aldur barna 2 til 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsefling í daglegu starfi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum svo sem í fataklefa, inni á baðherbergi, á matmálstíma/nónhressingu og í samskiptum við börn og fullorðna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk hvetji börnin til sjálfshjálpar og skipti barnahópnum upp í litla hópa þegar farið er í fataklefa og eins þegar þau koma inn. Að fá börn séu á salerninu í einu og fái aðstoð og hvatningu til að hjálpa sér sjálf. Við leggjum upp með að tvískipta hádegisverði svo betra næði náist á matmálstíma. Að hópstjórar tali markvisst um tilfinningar og samskipti við börnin í hópastarfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með samtali á deildarfundum og í samveru með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að þau klæði sig sjálf fyrir útivist og geti gengið að hluta til frá útileikföngum. Að þau verði sjálfbjarga á salerni og við handþvott. Að þau geti að hluta til skammtað sér sjálf og eldri árgangur læri að nota hnífapör. Að börnin standi með sjálfum sér, tjái tilfinningar sínar og skoðanir með orðum og leysi ágreining á uppbyggilegan hátt.

Lækur / 2 til 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði og sjálfsprottinn leikur. Að auka flæði í daglegu starfi og gefa sjálfsprottnum leik meira rými í dagskipulagi Starfsfólk sé meðvitað um leiðir til að dýpka leik barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að standa vörð um og auka gæði flæðis í daglegu starfi. Styðja betur við sjálfsprottin leik barna með meiri tíma, rými og sveigjanleika með áherslu á barnið sem virkan þátttakanda og umhverfið sem þriðja kennarann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Efniviður og rými verði skipulögð þannig að þau ýti undir frumkvæði, sjálfstæði og könnunarleik barnanna. Börnin hafi gott aðgengi að opnum og fjölbreyttum efniviði sem styður við sköpun, ímyndunarafl og leik. Starfsfólk sýni sveigjanleika í dagskipulagi þegar gott flæði skapast í leik barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með samtali á deildarfundum og í samtali með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar börnin dvelja lengur við leik, sýna aukið frumkvæði, þróa hugmyndir sínar áfram og taka virkan þátt í að móta leik og umhverfi.

F. h. leikskólans Tjarnar

Hulda Ásgeirsdóttir 29.6.2026

Leikskólastjóri Dagsetning

10. Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Stefnir Kristjánsson

Alma Mjöll Ólafsdóttir

María Dagbjört Sveinsdóttir

Harpa Hauksdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Starfsáætlunin er auðlesanleg og kemur upplýsingum fram á skilvirkan og einfaldan hátt. Eldri áætlanir mættu hins vegar vera aðgengilegri, en aðeins er að finna áætlun fyrir 2022-2023 á Tjarnar síðu Reykjavíkurborgar.

Starfsáætlunin veitir góða innsýn í starfið, bæði milli deilda og húsa og gefur fallega sýn á þá samheldni sem er á milli húsanna tveggja en líka sérstöðu hverrar deildar fyrir sig sem tekur bæði mið af aldri og þroska barnanna.

Áætlunin er frábær sýn inn í starf leikskólans og kveikja að frekari speglun fyrir foreldra hvað varðar þroska og hegðun barnanna okkar. Það er gaman að sjá hvernig uppeldissýn leikskólans skilar sér í jákvæðri sjálfsmynd barnanna, félagslegri hæfni þeirra sem og trú á eigin getu. Þetta er vissulega ekki aðeins stefna í orði heldur líka borði.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Tjörn

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	L		Þ		F		S		Þ	Fullveldisdagurinn	F	Nýársdagur	M		M	Foreldraviðtöl	F		L	Veraklýðsdagurinn	Þ		F	
2	S		M		F		M		M		L		Þ		Þ	Foreldraviðtöl	F		S		M		F	
3	M	Frídagur verslunarmar	F		L		Þ		F	Skreytingakvöld foreldra	S		M		M	Foreldraviðtöl	L		M		F	Viðey Útskriftarferð	L	
4	Þ		F		S		M		F	Jólakaffi í TB 8:30 Jólakaffi í ÖK 15:00	M	Starfsdagur	F		F	Foreldraviðtöl	S		Þ		F		S	
5	M		L		M		F		L	Jóladall Tjarnar í Ráðhúsinu	Þ		F	Starfsdagur	F	Foreldraviðtöl	M		M		L		M	
6	F		S		Þ	Foreldrafundur	F	Starfsdagur	S		M	Þrettándinn	L	Dagur leikskólans	L		Þ		F	Uppstigningardagur	S	Sjómannadagurinn	Þ	
7	F		M		M	Foreldrafundur	L		M		F		S	Dagur tónlistarskólans	S		M		F		M		M	
8	L		Þ	Dagur læsis	F		S	Baráttudagur gegn einelti	Þ	Árbæjarsafn	F		M	Bolludagur	M	Foreldraviðtöl	F		L		Þ		F	Sumarlokun
9	S		M		F		M		M		L		Þ	Sprengidagur	Þ	Foreldraviðtöl	F		S		M		F	
10	M		F		L		Þ		F		S		M	Öskudagur	M	Foreldraviðtöl	L		M		F	Skólaslit grunnskóla	L	
11	Þ		F		S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	M		F		M	Kosningadagur barna í Tjörn	F	Dagur íslenska táknmálsins	F	Foreldraviðtöl	S		Þ		F		S	
12	M		L		M		F	Foreldraviðtöl	L		Þ		F		F	Foreldravitöl	M		M		L		M	
13	F		S		Þ		F	Foreldraviðtöl	S		M		L		L		Þ		F		S		Þ	
14	F		M		M		L		M		F		S		S	Dagur stærðfræðinna	M		F	Kosningadagur Barna	M		M	
15	L		Þ		F		S		Þ		F		M		M		F		L		Þ		F	
16	S		M	Dagur íslenskrar nátt	F		M	Dagur íslenskrar tung	M		L		Þ		Þ		F	Foreldrakaffi TB: 8:30 ÖK: 15:00	S	Hvítasunnudagur	M		F	
17	M		F		L		Þ		F	Litlu jól Tjarnar	S		M		M		L		M	Annar í Hvítasunnu	F	Lýðveldisdagurinn	L	
18	Þ		F		S		M		F		M		F		F		S		Þ		F		S	
19	M		L		M		F		L		Þ		F		F		M		M		L		M	
20	F		S		Þ		F	Dagur mannréttinda b	S		M		L		L		Þ		F		S		Þ	
21	F		M		M		L		M		F		S	Konudagur - upphaf (	S	Pálmasunnudagur	M		F	Umhverfisdagur	M		M	
22	L		Þ		F	Skráningardagur	S		Þ		F	Bóndadagur - ömmu og afakaffi	M	Vetrarfrí	M	Skráningardagar	F	Sumardagurinn fyrsti	L		Þ		F	
23	S		M		F	Skráningardagur	M		M	Þorláksmessa	L		Þ	Skráningardagar	Þ	Skráningardagar	F	Umhverfisdagur	S		M		F	
24	M	Skólasetning grunnskó	F		L	Fyrsti vetrardagur	Þ		F	Aðfangadagur jóla	S		M		M	Skráningardagar	L		M		F		L	
25	Þ		F		S		M		F	Jóladagur	M		F		F	Skírdagur	S		Þ		F	Sumarhátið	S	
26	M		L	Evrópski tungumálad.	M	Skráningardagur	F		L	Annar í jólum	Þ		F		F	Föstudagurinn langi	M		M		L		M	
27	F		S		Þ	Kosningadagur barna í Tjörn	F		S		M		L		L		Þ	Starfsdagur / Menntastefnumót	F	Útskrift	S		Þ	
28	F	Starfsdagur	M		M		L		M	Skráningardagur	F		28		S	Páskadagur	M		F		M		M	
29	L		Þ		F		S		Þ	Skráningardagur	F				M	Annar í Páskum	F		L		Þ		F	
30	S		M	Starfsdagur / Menntakvika	F	Hrekkjavaka í Tjörn	M		M	Skráningardagur	L				Þ		F		S		M		F	
31	M				L				F	Gamlársdagur	S				M				M				L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.